


Skógræktin  
b.t. Prastar Eysteinsonar, skógræktarstjóra  
Miðvangi 2-4,  
700 Egilsstaðir

Selfossi 6. júní 2023

**Efni:** Beiðni um upplýsingar um hvaða erlendu aðilar eru farnir að rækta skóg á Íslandi eða eru tilbúnir til þess samkvæmt viðræðum við Skógræktina

Vísað er til viðtals við Þröst Eysteinson, skógræktarstjóra á [visir.is](https://www.visir.is) 23. janúar 2022 (<https://www.visir.is/k/89c0aefc-f1e0-4fc2-8f33-80ed50004570-1642965504068>) þar sem hann boðar „nýja útflutningsgrein“ með skógrækt erlendra aðila á Íslandi. Fram kemur í viðtalinu að erlendir aðilar séu farnir að sýna íslenskri skógrækt mikinn áhuga. Þá þegar hafi þrír „stórir aðilar“ gert samning við Skógræktina og að viðræður hafi verið í fullum gangi við fimm aðila til viðbótar. Í viðtalinu segir Þröstur að ef bjartsýnustu spár hans rætist muni skóglendi tvöfaldast á Íslandi til ársins 2040. Ekki kemur fram í viðtalinu hvaða trjategundir verði notaðar í þessum verkefnum eða hvar fyrirhugað er að rækta þær. Minnst er á birki og Hekluskóga, en framandi tegundir ekki nefndar á nafn. Miðað við reynslu síðustu ára er birki aðeins um þriðjungur gróðursettra trjáa en stórvaxinn barrviður og alaskaösp um tveir þriðju af plöntuninni.

Vinum íslenskrar náttúru (VÍN) leikur forvitni á að vita hvaða erlendir aðilar hafa gert samninga við Skógræktina eða fyrirtæki um skógrækt hér á landi. Og hvort viðræður séu við fleiri erlenda aðila um skógrækt hér á landi á næstu árum. Hver er áætluð heildarstærð þessara skógræktarsvæða á þessu ári. VÍN óskar því hér með formlega eftir svörum við þessum spurningum með vísun til upplýsingalaga (nr. 50/1996 með síðari breytingum).



Sveinn Runólfsson, formaður VÍN  
Tröllhólum 39, 800 Selfossi.

Afrit: Björn Helgi Barkarson, skrifstofustjóri í matvælaráðuneytinu